



Alþingi
Erindi nr. P 128/159
komudagur 20.11.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

20. nóvember 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frv. til l. um fjármálafyrirtæki (215. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 6. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV eiga tvo fulltrúa í bankalaganefnd og tóku virkan þátt í vinnu að frumvarpinu. Að mati SBV er mjög jákvætt að sameina og samræma á einum stað reglur um hinar ýmsu tegundir fjármálafyrirtækja. Þannig fæst betri yfirsýn og aukinn skilningur á íslenskum fjármálamarkaði. SBV gera ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Hins vegar telja SBV eðlilegt að við þessa vinnu sé horft til allra atriða sem að fjármálamarkaðnum snúa, ekki síst bankaleyndar og ákvæða annarra laga sem ganga á svig við hana. Fara þarf mjög varlega við setningu ákvæða sem ætlað er að aflétta eðlilegum trúnaði milli fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Þar á ekki að ganga lengra en réttmætar eftirlitsskyldur krefja. Að mati SBV ganga sum ákvæði íslenskra skattalaga lengra en réttmætt þykir í þessum efnum og vakti bankalaganefnd athygli fjármálaráðuneytis á því við vinnu að frumvarpinu.

Skiptar skoðanir eru meðal félagsmanna SBV hvað varðar ákvæði VIII. kafla frumvarpsins, sem snýr að sparisjóðum. Fulltrúar viðskiptabanka telja þar of langt gengið í að vernda starfsumhverfi einnar tegundar fjármálafyrirtækja, meðan fulltrúar sparisjóða telja breytt ákvæði nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi rekstur sparisjóða á landinu. Hugmyndir sparisjóðanna um nauðsynlegar breytingar felast í ákvæðum VIII. kafla. Til að sýna bæði sjónarmið eru meðfylgjandi umsögn þessari bréf bankastjóra viðskiptabankanna til viðskiptaráðuneytis um VIII kafla frumvarpsins ásamt hugmyndum þeirra að annarri nálgun málsins. SBV taka hins vegar ekki afstöðu til þessara ágreiningsatriða.

Virðingarfyllst,


Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri